



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/989**  
**komudagur 7.2.2014**

Reykjavík 7. febrúar 2014

Tilvísun: 2014010172

Tilvísun yðar: 251. mál

Alþingi  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK

**Umsögn – frumvarp til laga um breyt. á lögreglulögum**

Með vísan til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis sendist yður umsögn ríkislögreglustjóra um frumvarp til laga um breytingar á lögreglulögum, 251. mál.

Ríkislögreglustjóri hefur um árabil lagt áherslu á aðskilnað sýslumanna, tollstjóra og lögreglustjóra. Þá hefur ríkislögreglustjóri jafnframt lagt áherslu á aðskilnað ákærvalds frá lögreglustjórn.

Frumvarp það sem hér er til umræðu er eðlilegt skref í þeirri þróun sem átt hefur sér stað á undanförunum árum við aðskilnað sýslumanna og lögreglustjóra og fækkunar og stækkunar lögregluembættu. Til framtíðar litið má gera ráð fyrir enn frekari breytingum á lögregluskipaninni í anda þeirra breytinga sem eiga sér stað á hinum Norðurlöndunum.

Ríkislögreglustjóri er því í grundvallaratriðum hlynntur meginefni frumvarpsins.

**Athugasemdir við 3. mgr. 3. gr.**

Rétt er að geta um álitamál þess efnis hvort ráðherra eða lögreglustjóri ákveði staðsetningu starfsstöðva lögregluumdæma. Þá er hugtakanotkunin „aðalstöð lögreglustjóra“ og „lögreglustöðvar“ óljós og í raun óþörf.

**Athugasemdir við 7. mgr. 3. gr.**

Bent skal á lögbundið samræmingarhlutverk ríkislögreglustjóra, en í ákvæðinu er gert ráð fyrir því að ráðherra annist það hlutverk.

**Athugasemdir við 12. gr.**

Rétt er að fella brott f. lið 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, en starfræksla áfengiseftirlitsdeildar var fyrir allnokkrum árum lögð af hjá embættinu.

**Athugasemdir við 4. gr. lögreglulaga nr. 90/1996**

Rétt er að fella brott 3. ml. 4. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 er segir að ríkislögreglustjóri hafi aðsetur í Kópavogi nema ráðherra ákveði annað.

  
Haraldur Johannessen / Thelma Cl. Þórðardóttir